



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS TIL AKUREYRAR OG EYJAFJARÐARSVEITAR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú halda í opinbera heimsókn til Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar í næstu viku. Heimsóknin til Akureyrar hefst að morgni mánudagsins 11. apríl og lýkur að kvöldi þriðjudagsins 12. apríl. Opinber heimsókn forsetahjóna til Eyjafjarðarsveitar hefst að morgni miðvikudagsins 13. apríl og lýkur um kvöldið með fjölskylduhátíð í Hrafnagilsskóla.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Björn Jósef Arnviðarson sýslumaður og aðrir forsvarsmenn Akureyrarbæjar taka á móti forsetahjónunum klukkan hálf níu á mánudagsmorgni. Þaðan verður haldið að Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem skólameistari, kennarar og nemendur kynna starfsemi skólans og forseti ávarpar nemendur á sal. Frá VMA liggur leiðin að leikskólanum Iðavelli þar sem leikskólastjóri, starfsmenn og leikskólabörn segja frá skólanum. Forsetahjón koma síðan í Oddeyrarskóla þar sem skólastjóri, kennarar og nemendur kynna starfsemina með fjölbreyttri dagskrá. Síðasti viðkomustaður fyrir hádegi mánudaginn 11. apríl er dvalarheimilið Hlíð en þar munu forsetahjón snæða hádegisverð með heimilisfólki.

Eftir hádegi liggur leiðin í húsakynni Háskólans á Akureyri að Borgum. Þar verður fyrst kynning á starfsemi Auðlindadeildar og Upplýsingatæknideildar en klukkan hálf þrjú hefst málþing undir heitinu *Menntun og nýsköpun; byggðastefna nýrrar aldar*. Síðdegis mánudaginn 11. apríl heimsækja forsetahjónin Minjasafnið á Akureyri, Listasafn Akureyrar og Handverksmiðstöðina Punktinn.

Um kvöldið verður fjölskylduhátíð í Íþróttahöllinni á Akureyri með fjölþættri dagskrá þar sem forseti mun m.a. afhenda Hvatningu til ungra Íslendinga og fjölmargir akureyskir listamenn koma fram. Fjölskylduhátíðin hefst kl. 20 og eru allir velkomnir á hana.

Að morgni þriðjudagsins hefst dagskrá forsetahjóna með heimsókn í Menntaskólann á Akureyri þar sem forseti mun m.a. ávarpa nemendur og svara fyrirspurnum. Þaðan verður haldið í kjötvinnslufyrirtækið Norðlenska og síðan kynnst forsetahjónin þjálfun fatlaðra í Hæfingarstöðinni í Skógarlundi. Þaðan verður haldið í fyrirtækið Norðurmjólk þar sem gestir kynnst framleiðslunni og snæða hádegisverð með starfsfólki.

Síðdegis þriðjudaginn 12. apríl verður farið í Sundlaug Akureyrar, Kexsmiðjuna, Vífilfell og Slippstöðina. Þá verður sérstök kynningardagskrá í Íþróttahöllinni um starfsemi íþróttafélaga á Akureyri og forsetahjón heimsækja dvalarheimili aldraða í Kjarnalundi. Opinberri heimsókn forsetahjóna til Akureyrar lýkur með kvöldverði í Hrísey.

Miðvikudaginn 13. apríl heimsækja forsetahjónin Eyjafjarðarsveit. Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri og aðrir forvígismenn sveitarfélagsins taka á móti gestunum við skólasvæðið í Reykárhverfi. Í kjölfarið fylgja dagskrár í leikskólanum Krummakoti, Hrafnagilsskóla og Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Forsetahjónin snæða hádegisverð í Meðferðarheimilinu að Laugalandi, sem helgað er ungum stúlkum sem glíma við vímuefnavanda.

Síðdegis verður ekið um sveitarfélagið og m.a. skoðað hátæknifjós á Hríshóli, Smámunasafn Sverris Hermannssonar og virkjun í einkaeigu í landi Samkomugerðis. Þá verður komið við á söguslóðum að Grund og Munkaþverá og staldrað við á Vaðlaþingstað.

Um kvöldið verður efnt til fjölskylduhátíðar í íþróttahúsi Hrafnagilsskóla. Þar verður fjölþætt dagskrá: ávörp, djass, söngur, leiklist og forseti mun afhenda Hvatningu til ungra Íslendinga.

7. apríl 2005

Nánari upplýsingar um heimsóknina veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028), Sigríður Stefánsdóttir markaðs- og kynningarstjóri Akureyrarbæjar (863 1403) og Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar (861 7620)